

## Holtavörðuheildarlína 3

### Valkostagreining

#### Markmið framkvæmdar

Holtavörðuheildarlínu 3 mun liggja frá nýju tengivirki á Holtavörðuheidi að tengivirki við Blönduvirkjun. Línan verður 220 kV raflína, og er hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Meginmarkmið með byggingu raflínunnar er að auka afhendingaröryggi og afhendingargetu á landinu og tryggja að flutningskerfið styðji við atvinnuuppbyggingu og eðlilega þróun byggða í landinu.

Framkvæmdir Landsnets skulu hlíta markmiðum raforkulaga um öryggi, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæði raforku og hagkvæmni.

#### Tilgangur valkostagreiningar

Tilgangur valkostagreiningar felst í að skoða mismunandi leiðir til uppbyggingar meginflutningskerfisins á svæðinu. Haldnar verða vinnustofur með verkefnaráði og landeigendum til að ræða helstu áskoranir á svæðinu er kemur að leiðarvali og koma fram með nýjar hugmyndir um leiðarval. Allar hugmyndir sem munu koma fram á vinnustofum verða metnar út frá sömu forsendum. Í meginráttum byggir mat á raunhæfi á þremur þáttum, sem eru (1) umhverfi, (2) öryggi og hagkvæmni, og (3) verðmæti og samfélag.

Þessi vinna og samtal kemur á undan lögbundnu umhverfismatsferli. Hlutverk valkostagreiningarinnar er að taka ákvörðun um valkosti sem verða skoðaðir frekar í umhverfismatsferlinu sem er að hefjast. Það er mikilvægt að fá sem flest sjónarmið fram snemma í ferlinu og það liggja skýrar forsendur fyrir valkostum, svo þær rannsóknir og greiningar sem verða unnar í tengslum við umhverfismatið nýtist sem best til að svara nauðsynlegum spurningum.

#### Fyrirkomulag vinnustofu

Vinnustofur valkostagreiningar verða tvær talsins. Í upphafi vinnustofu 1 verður þátttakendum skipt í hópa. Hverjum hópi verður úthlutaður hópstjóri. Hlutverk hópstjóra er að skrá niður allar hugmyndir og umræður sem fara fram í hópnum. Þrjú viðfangsefni eru til umfjöllunar á vinnustofu 1:

- Ræða þær hugmyndir sem liggja fyrir um leiðaval Holtavörðuheildarlínu 3 og benda á styrkleika og veikleika þeirra.
- Leggja til nýjar hugmyndir um leiðaval Holtavörðuheildarlínu 3 og nefna styrkleika og veikleika þeirra.
- Ræða um staðhætti á línuleiðum sem eru til skoðunar, t.d. hvað þyki sérstakt eða viðkvæmt fyrir framkvæmdum s.s. vegna náttúrufars, ásýndar eða annarrar landnýtingar.

Að lokinni vinnustofu mun Landsnet meta allar hugmyndir sem koma fram út frá fyrirfram gefnum forsendum, sem kynntar verða á vinnustofunum. Á vinnustofu 2 verða niðurstöður úr valkostagreiningunni kynntar. Fólki verður boðið að koma fram með ábendingar um valkostagreininguna auk þess sem hægt verður að koma fram með fleiri hugmyndir um leiðaval og / eða ábendingar um svæði sem þarf að taka sérstakt tillit til.

